




Ragnar Kjartansson: Selaskyttan, steinleir. 1984.

skilið. Og nú, þegar allt er í raun leyfilegt og ótal stefnur á ferðinni samtímis í einum allsherjar bræðslupotti, má greina að unga kynslóðin kann betur að meta þennan frumherja, sem orti í stein.

### BREIDDIN HEFUR AUKIZT

Þegar höggmyndalist ber á góma hjá íslenskum almenningi, sem fylgist sæmilega vel með á þessu sviði sem og öðrum, má skilja af tali manna, að Íslendingar hafi átt samtals þrjá myndhöggvara: Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson og Sigurjón Ólafsson. Þeim 20 myndhöggvurum, sem nú standa að sýningu á Kjarvalsstöðum, mundi líklega þykja sú söguskoðun miður góð og láti þeim það ekki. Nú er 31 félagi í Myndhöggvarafélaginu, sem sýnir að veruleg gróska er í þessari listgrein. Breiddin er orðin mikil eins og sagt er á íþróttamáli og það er tvímælalaust meira umburðarlyndi ríkjandi gagnvart ólíkum stíltegundum, en var til dæmis um miðja öldina. Við höfum verið heppin með brautryðjendur jafnt í höggmyndalist sem málalist. En fjöldinn, sem leggur stund á þessar listgreinar núna er svo mikill á móti því sem var, að einstök nöfn standa ekki eins uppúr. Þar með er ekki sagt, að góð höggmyndalist verði ekki til í sama




Jón Gunnar Árnason: Án titils. Blönduð tækni. 1985.

mæli. Að visu þarf mikið til að jafnast á við okkar ágætu formbyltingarmenn í höggmynda list. Ekki skal heldur reynt að gera því skóna, hvort einhverjir þeirra, sem nú sýna á Kjarvalsstöðum, standi þeim á sporði. Það yrði auk þess of snemmbúin ágizkun; aðeins sagan leiðir það í ljós.


Tvennt hefur einkum haldið aftur af mönnum við að leggja stund á höggmynda list: Annarsvegar sú viðamikla aðstaða, sem myndhöggvarinn þarf að hafa og hinsvegar það álit, að erfiðlega gangi að selja höggmyndir. Á því hefur að visu orðið veigamikil breyting til batnaðar.

### ÞRJÁR GÓÐAR SÝNINGAR


Veruleg gróska ríkir nú í höggmynda list, meiri gróska og meiri fjölbreytni en nokkru sinni áður. Ekki þarf annað en gaumgæfa þær sýningar, sem hafa átt sér stað í vetur til að sannfærast um þetta. Þar reið Helgi Gíslason á vaðið með eftirminnilegri sýningu í Listmunahúsinu og sýndi brons- og eirmyndir í háum, listrænum gæðaflokki. Litlu síðar voru tvær góðar skúlptúrsýningar samtímis á Kjarvalsstöðum: Sýning Kristjónu Samper, sem vakti verulega athygli, bæði fyrir listræna meðferð á brenndum leir og einnig fyrir



Gunnsteinn Gíslason: Gegnum loftmúrinn, múrrista. 1984.



Hallsteinn Sigurðsson: Skúlptúr úr járni. 1984.



Helgi Gíslason: Skúlptúr úr bronsi og kopar. 1985.